



ERINDISBRÉF

Ungmennaráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð Sveitarfélags Hornafjarðar heyrir undir fræðslu- og tómstundanevnd. Tómstundafulltrúi er starfsmaður ungmennaráðs.

Skipan og seturéttur á fundum

Ungmennaráð er skipað sjö fulltrúum á aldrinum 13–24 ára og þremur til vara. Fræðslu- og tómstundanevnd skipar í ráðið að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum:

Aðalfulltrúar:

- Tveir fulltrúar úr 8. – 10. bekk Grunnskóla Hornafjarðar.
- Tveir fulltrúar Framhaldsskólans í Austur Skaftafellssýslu.
- Umf. Sindri tilnefni einn fulltrúa.
- Þrykkjuráð tilnefni einn fulltrúa.
- Fræðslu- og tómstundanevnd tilnefni einn óháðan fulltrúa skal sá helst vera starfandi á vinnumarkaði.

Varafulltrúar:

- Einn fulltrúi fyrir Grunnskóla Hornafjarðar og Þrykkjunnar.
- Einn fulltrúi fyrir Framhaldsskólann í Austur Skaftafellssýslu.
- Einn fulltrúi fyrir félagasamtök og vinnumarkað.

Kosningar í Ungmennaráð fara fram með tvenns konar hætti.

Kosningar í Ungmennaráð fara fram með eftirfarandi hætti:

Kosningar á árum sem bera oddatölu fara fram á ungmennaþingi. Fulltrúar í framboði til setu í Ungmennaráði heyja loka framboðsbaráttu á þinginu og síðan er kosið um einn fulltrúa grunnskóla og einn fulltrúa framhaldsskóla. Niðurstöður kosninga eru kynntar í lok þings.

Kosningar á árum sem bera slétta tölu fara fram annars vegar í Grunnskólanum og hins vegar í Framhaldsskólanum. Nemendafélög hvors skóla um sig hjálpa til við undirbúning og framkvæmd kosninganna.

Einn fulltrúi frá Grunnskóla Hornafjarðar og einn fulltrúi Framhaldsskóla í Austur Skaftafellssýslu sitja tvö ár í ráðinu, aðrir fulltrúar sitja í ráðinu eitt ár í senn. Ungmennaráð kýs formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum. Ungmennaráð kýs fulltrúa úr sínum hópi til setu í Ungmennaráði Suðurlands.



Hlutverk og verkvið

Ungmennaráð Hornafjarðar skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungs fólks í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu.

Hlutverk ungmennaráðs er:

- Að vera fræðslu- og tómstundarnefnd til ráðgjafar um málefni er varða ungt fólk.
- Að gera tillögur til nefndarinnar um aðgerðir í forvarnarmálum.
- Að vera til ráðgjafar varðandi aðstöðu og afþreyingamöguleika ungs fólks.
- Ungmennaráð fylgist með því að stofnanir sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi.
- Að þjálfa ungt fólk í sveitarfélaginu í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að hvetja ungt fólk í sveitarfélaginu til lýðræðislegrar þátttöku.
- Að gera tillögur að þátttöku ungs fólks í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.
- Að senda fulltrúa á ráðstefnur, þing og fleiri þess háttar viðburði er varða hagsmuni ungs fólks.

Starfshættir

Um starfshætti ungmennaráðs fer samkvæmt VI kafla samþykktar um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Ungmennaráð kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði, með hléum yfir sumarið. Formaður stýrir fundi. Starfsmaður sér um að rita fundargerð og kemur henni til fræðslustjóra sem leggur hana fyrir fræðslu- og tómstundanefnd.

Þá getur ungmennaráð staðið fyrir opnum fundum vegna starfa sinna og þeirra verkefna sem ráðið vinnur að.

Starfsmaður sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann útbýr í samráði við formann rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum og varamönnum.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Fræðslu- og tómstundanefnd og ungmennaráð skulu halda sameiginlega í það minnsta einn fund á ári en oftast ef þurfa þykir. Gert er ráð fyrir að ungmennaráð fundi í það minnsta einu sinni á ári með bæjarráði.

Ungmennaráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.

Réttindi og skyldur ungmennaráðs

Um réttindi og skyldur ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



bæjarstjóri

Samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd
Samþykkt í bæjarráði